

## Aðalfundur Golfklúbbsins Odds

Þriðjudaginn 2. desember 2014 var aðalfundur félagsins haldinn í golfskálanum Urriðavelli. Fundurinn hófst kl. 20:00.

Ingi Þór Hermannsson formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður félagsins gerði tillögu um að Jónína A. Sanders yrði kjörin fundarstjóri og að Inga Engilberts yrði kjörin til þess að rita fundinn.

Fundarmenn samþykktu kosningu fundarstjóra og fundarritara með lófataki.

Jónína A. Sanders tók við stjórn fundarins og lýsti fundinn lögmatan.

### 2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins starfsárs

Ingi Þór Hermannsson, formaður klúbbsins fór yfir skýrslu stjórnar. Ræddi hann um að starfsárið hafi byrjað með látum, því mjög óvenjuleg veðurskilyrði voru sl vetur, sem urðu til þess að svell lá yfir flestum flötum. Ingi Þór þakkaði ötullu starfi starfsmanna og sjálfboðaliða klúbbsins við að hjálpa við að koma vellingum í það horf sem hann var í, þannig að kom hann nokkuð vel undan vetri.

Völlurinn opnaði inn á sumarflatir 15. maí, sem er svipað og á síðasta ári. Sumarið reyndist votviðrasamt, líkt og árið áður, og hafði þetta óvænta veðurfar neikvæð áhrif á starfsemi og rekstur klúbbsins. Fjöldi félaga var nánast hinn sami og áður, en nú eru um 1150 félagar í klúbbum. Kyllingum sem geiða fullt félagsgjald fækkaði, en félögum með Ljúflingsaðild fjölgaði og er von að hluti þeirra félaga komi inn á næsta ári sem fullgildir félagar í klúbbum. Ingi Þór vakti einnig athygli á því að konum hefur fjölgað í klúbbum og vísaði í nánari tölfræði um félagsmenn, aftar í ársskýrslunni.

Ingi Þór sagði að um  $\frac{3}{4}$  hlutar tekna klúbbsins færu í að reka Golfklúbbinn Odd og um 20% í þjónustu við félagsmenn en aðeins 4% í svokallað íþróttastarf. Barna- og unglíngastarf drógst saman milli ára og er helsta ástæða þess skortur á fjármagni, einnig hefur verið nefnt að klúbburinn líði fyrir það að vera utan svæðis almenningssamgangna. Vilji er fyrir því að efla þetta starf á næsta ári.

Eins og áður tóku margir félagar klúbbsins þátt í gróðurdegi og aðstoðuðu við að planta trjám, snyrta umhvefið o.fl.

Verkefninu „Braut í fóstur“ var hrint í framkvæmd, en þar fær hver og einn félagsmaður sína eigin braut til að fóstura og hafa umsjón með. Það felst t.d. í því að tína rusl, laga boltaför og annað í umhverfi brautarinnar. Ber að þakka félögum góða umgengni um völinn, sem m.a. gerði það að verkum að völlurinn okkar var til fyrirmyndar í sumar. Þessu verkefni verður án efa haldið áfram næsta sumar.

Inniaðstaðan í Kaupþúni hefur verið vel sótt og margir skellt sér í golfherminn. Kylfingar hafa nýtt aðstöðuna vel og æft af krafti og kvennanefndin hélt sitt árlega þúttmót þar.

Efnt var til fræðsufunda m.a. um „Næringu og rétt hugarfar“ við undirbúning og leik. Óhætt er að segja að margir fundarmenn hafi séð sjálfan sig í þeim dæmigerðu kylfingum og aðstæðum sem dregnar voru þar upp. Fræðslufundirnir munu eflaust halda áfram á sömu braut.

Meistaramótið var haldið að venju aðra vikuna í júlí. Þetta mót er fyrir alla félagsmenn, þar sem hver og einn spilar eftir eigin getu á jafnræðisgrunni. Um fjórðungur félaga tók þátt að þessu sinni og viljum við því hvetja alla félagsmenn að taka þátt í Meistaramótinu, sem er gott tækifæri til að kynnast mótstarfi og blanda geði við aðra kylfinga í klúbbum. Klúbbmeistarar 2014, voru Andrea Ásgrímsdóttir og Ottó Axel Bjartmarz. Að venju var haldin vegleg veisla í mótslok og við það tækifæri voru þrír félagsmenn sæmdir silfurmerki félagsins, fyrir mikið og gott starf tengdu mótshaldi klúbbsins til fjölda ára. Þeir sem hlutu silfurmerkið að þessu sinni voru Baldur Hólmsteinnsson og heiðurshjónin Lilja Ólafsdóttir og Þorkell Jónsson. Við færum þeim kærar þakkir fyrir þeirra framlag til klúbbsins á liðnum árum.

Í lok haustsins var efnt til ferðar til Alcaidesa á Spáni og fóru alls um 70 félagar úr klúbbum. Ber að þakka Heimsferðum fyrir að leggja sig fram við að bjóða klúbbfélögum áhugaverða valkosti í golfferðum erlendis.

Mótahald er nauðsynlegur hluti af rekstri klúbbsins og ein leið til að úthluta rástímum. Innanfélagsmótin hafa verið með góðri þátttöku. Fyrirtækjamótin eru góður hlekkur í tekjuöflun klúbbsins og honum nauðsynleg. Stefnan er að slíkum mótum sé markvisst raðað niður á eftirmiðdögum á föstudögum, ekki tvær samliggjandi helgar í röð, ekki bæði laugardag og sunnudag á sömu helgi og ekki tvær vikur í röð. Því miður tókst

Þetta ekki nægilega vel sl. sumar, en það er fullur vilji að reyna að bæta þetta svo álagið sé jafnt og innan sanngjarna marka, farið yfir hvað gekk vel og hverju megi breyta.

Leitað var til klúbbsins, af GSÍ, um að halda Evrópumót kvenna árið 2016. Klúbburinn hefur samþykkt þetta fyrir sitt leyti og stefnt er að því að halda þetta mót, sem yrði mikill ávinningur fyrir klúbbinn og tækifæri þá að sækja til sveitarfélags um frekari stuðning.

Nýjar sláttuvélar eiga mikinn þátt í að ástand vallar var með ágætum í sumar, en ekki má gleyma því að það var þetta frábæra vallarstarfsfólk sem á heiðurinn.

Góður áfangi náðist með því að malbika stíginn við 13. braut og halda áfram með stíglagninguna við 4. braut. Einnig er þörf á að laga aðgengið að 15. braut, með því að gera stíg meðfram henni. Gönguleiðin þar þolir illa áganginn í þeirri vætutið sem hefur verið tvö undanfarin sumur.

Í upphafi starfsársins tók gildi endurskoðaður samstarfssamningur við landeiganda, Golfklúbb Oddfellowa fyrir hönd Oddfellow reglunnar. Þar ber hæst endurnýjun tækjakosts og var um þriðjungur hans endurnýjaður á árinu. Einnig var gerð úttekt á hagkvæmni stækkunar vallar, í 27 holur. Aðkallandi verkefni sem ekki var gert í fyrra er endurnýjun á jarðvegisdúki við 5. og 2. braut. Dælur þar höfðu ekki undan og því voru þessar tjarnir þurrar í sumar. Þetta verk er á könnu landeigandans.

Mikil jarðvergskipti hafa farið fram við Urriðaholt sökum byggingaframkvæmda þar. Farið hefur verið með jarðveginn inn á svæði innan 5. brautar vallarins. Farið er með efnið um malbikaða vegi og bílastæði vallarins og lagður nýr vegbútur meðfram og þvert á 2. braut.

Lítið samráð hefur verið haft við stjórn klúbbsins, um hvert á að fara með þennan jarðveg. Miklar fjárhæðir sparast við að flytja efnið svona stutta vegalengd. Stjórn Odds hefur séð drög að samningi milli Urriðaholts, sem er að 2/3 í eigu Oddfellowreglunnar og Styrkra- og líknarsjóðs Oddfellowa. Í þeim drögum er ekki hægt að sjá að gerð hafi verið tilraun til þess að láta uppbyggingu eða rekstur golfvallarins njóta þessa ávinnings með einhverjum hætti. Það þykir okkur unnendum þessa svæðis dapurlegt.

Við viljum að um þetta verði samið við klúbbinn, þó hann sé ekki eigandi landsins, því hann er leigjandi landsins og notandi þess. Það er mjög óþægilegt að þessar „búkollur“ fari um starfssvæði klúbbsins að honum forspurðum. Stjórn Odds hefur gert þá kröfu að leigan verði lækkuð á meðan á efnisflutningum stendur og um að efnisflutningur verði stöðvaður þar til að gengið hefur verið frá samningi þar um. Verið er nú að viðra hugmyndir um þetta mál og vonandi er hægt að komast að samkomulagi um málið á næstunni. Það er eðlileg krafa að þessu verði lokið sem fyrst, en sagt er að það eigi að vera búið fyrir 1. apríl 2015.

Garðabær hefur styrkt þau félagasamtök sem sinna íþróttum í bænum, en Golfklúbbur Odds hefur ekki fengið mikið að þessum styrkjum og búið að skora á bæjaryfirvöld að leiðrétta þetta. Búið er að taka þessa ályktun klúbbsins tvisvar fyrir, bæði fyrir og eftir síðustu bæjarstjórnarkostningar, en bæjarstjórn hefur ekki viljað styrkja klúbbinn frekar, þar sem gert var samkomulag við Oddfellohreyfinguna þegar klúbburinn var stofnaður að ekki yrði leitað til bæjaryfirvalda um fjárframlög til rekstrar golfvallarins.

Að mati stjórnar Odds er þetta dapurleg niðurstaða í ljósi þess að Garðabær ver nú m.a. 250 milljónum til uppbyggingar á klúbbhúsi næsta nágranna okkar. Í Oddi eru 25% Garðbæinga sem er sviðpað hlutfall og í GKG. Í styrktarsamningi bæjarins við golklúbbana í bænum var gerður fyrirvari af hálfu bæjarins um stuðning, að fram færu viðræður á milli klúbbanna, um sameiningu þeirra. Engar slíkar viðræður hafa farið fram enda er það skoðun forsvarsmanna klúbbanna að frumkvæðið að slíkum viðræðum og mati á ávinningi eigi að koma frá bæjaryfirvöldum.

Stækkun Urriðavallar hefur verið á dagskránni um nokkurt skeið. Ákveðið var að fara í skoðun á þessu verkefni og gerð var nokkuð ítarleg kostnaðaráætlun sem gerir ráð fyrir um kostnaði upp á um 180 milljón króna. Margir klúbbfélagar hafa því horft vonaraugum á efni það sem hlaðist hefur upp á holtinu og nýst gæti til golfvallargerðar.

Þá þyrfti að stækka klúbbinn um a.m.k 350 félagsmenn til að standa undir leigugreiðslum sem af umræddri stækkun hlytist. Niðurstaða þeirra sem komu að þessari vinnu er að stækkunin er góður kostur þar sem trúlega er hægt að bæta enn fleiri félögum við þegar 9 brautir bætast við. Rekstrarhæfi klúbbsins ræður hvort hægt er að stækka völlinn og Ingi Þór hvetur alla féлага til að hvetja landeigendur til þess að huga að þessu verkefni, enda næstu skref stjórnar Odds að vinna áfram með landeigendum að málinu, tryggja þætti sem varða skipulagsmál og afla þessari hugmynd fylgis hagsmunaaðila.

Á næstu tveimur árum er stefnt að gefa félagsmönnum klúbbsins tækifæri til að stunda golfþróttina sé til skemmtunar og heilsubótar. Grundvöllur að góðum rekstri klúbbsins, eins og annarra frjálsra félagasamtaka, er að skapa þau skilyrði að það sé eftirsóknarvert og skemmtilegt að vera félagi í klúbbum og samstarfs- og styrktaraðilar sjái sér hag í samstarfi við klúbbin. Efling á markaðsstraði klúbbsins er því nauðsynleg til að efla klúbbin enn frekar. Fjöldi barna og unglinga innan klúbbsins hefur ekki verið mikill og erfiðar samgöngur hluti af skýringunni, en það þarf að leyta leiða til að snúa þessu við.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir greinargóða skýrslu og sagði greinilegt að næg verkefni hafi verið á árinu og mörg framundan. Fundarstjóri tilkynnti jafnframt að orðið yrði gefið laust samhliða um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga.

### **3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar**

Þorvaldur Þorsteinsson tók til máls og kynnti reikninga félagsins, en vísaði einnig í ársskýrsluna (sem lá frammi) þar sem sjá má nánari sundurliðun og skýringar við einstaka liði. Þorvaldur fjallaði um helstu tölur og samanburð við síðasta ár. Reksturinn gekk vonum framar miðað við árferði og var svipaður og árið 2013.

Þorvaldur fór yfir rekstrartekjur og fyrst nefndi hann félagsgjöldin sem nema um 90 milljónum króna. Félagsgjöld eru aðeins minni en áðið áður, þar sem félögum fækkaði, þrátt fyrir von um að þeim myndi fjölga. Lúflingsaðildin hefu aukist, aðallega nýir félagar sem vonandi koma inn sem fullgildir félagar á næsta ári. Vallartekjur er undir áætlun og í raun allir tekjuliðir. Ljúflingsaðildin hefur þannig tekið eitthvað af vallartekjunum. Boltavélin var einnig með minni tekjur.

Styrkir voru minni, eins og áður hefur komið fram. Leigutekjur af golfskála eru líka lægri, enda veltutengdar tekjur, þar munar um 600 þús frá áætlun. Vörusala var um 900 þús lægri en í fyrra. Aðrar tekjur samanstanda aðallega af æfingargjöldum.

Rekstrargöld voru líka eitthvað lægri, en í stutt máli þá eru kostnaðarliðir eru líka tengdir veðurfrinu og vörunoktun er líka í línu við minni sölu. Sparað var eftir megni í launakostnaði og eru laun og launatengd gjöld svipuð og í fyrra.

Íþróttastarfið var svipað og áður. Rekstur Urriðavallar er um 5 milljónir undir áætlun. Um 2 milljóna efniskostnaður fór á landeiganda skv. samkomulagi þar um. Inni í kostnaði við sorphirðu er kostnaður við rotþróna stór þáttur. Rekstur véla og tækja er

um 600 þús lægri. Varahlutir og tæki hefði orðið töluvert hærri, ef ekki hefðu komið inn ný tæki sem dróu úr viðhaldskostnaði samhliða því að gæði vallarins jukust til muna. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er nokuð hærri, aðallega vegna hugbúnaðarþjónustu o.þ.h.

Rekstrahagnaður fyrir fjármagnliði er 579 þúsund og nettó hagnaður er 687 þúsund.

Efnahgsreikningur

Veltufjármunir hafa lækkað, aðallega vegna greiðsla sem fara yfir áramót.

Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og/eða reikninga félagsins.

Pétur Kristinsson spurði um greiðslu til GSI uppá tæpar 5. milljónir.

Þorvaldur sagði að mestur hluti þessarar upphæðar væru félagsgjöld sem ganga til GSI og eru hluti af félagsgjaldi hvers félaga.

Ekki komur fleiri fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Fundarstjóri þakkaði Þorvaldi Þorsteinssyni fyrir að fara yfir reikninga og bar reikningana undir atkvæði fundarmanna. Reikningarnir samþykktir samhljóða.

#### **4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.**

Emil tók til máls og kynnti fjárhagsáætlun og gjöld næsta árs og kynnti hann svipaða áætlun og árið áður. Sagði hann að markmiðin væru að viðhalda gæðum og aðhald í rekstri Urriðavallar eins og kostur væri. Unnið væri að áframhaldandi aðhaldi og ekki væri um að ræða nýjar framkvæmdir. Fjölskydustefnan mun fá aukið vægi næsta sumar og mun það speglast í gjaldskánni sem verður kynnt fyrir 2015, með það að markmiði að laða að yngri félaga. Íþróttastarf verði aukið og ráðinn íþróttastjóri til að sinna því. Emil sagði klúbbinn búa við sama umhverfi og í fyrra. Óskað hefur verið eftir lökkun á leigu, en ekki er gert ráð fyrir því í áætlun næsta árs.

Ekki verður um fekkari stuðning frá Garðabæ. Reynt verður að sækja enn frekar til fyrirtækja um styrki við klúbbinn. Fyrirtæki sem hafa stutt klúbbinn dyggilega skipta miklu máli.

Um 36 nýir félagar hafa bæst við á árinu og er það vel. Nú er um að gera að leggjast á hnén og biðja um gott veður, það á að vera mögulegt að ná fekari hækkun tekna á næsta ári, við höfum séð það áður. Gert er ráð fyrir sömu tekjum frá Garðabæ og voanndi er að það fáið frekari styrkir frá fyrirtækjum. Reiknað er með að fá meiri tekjur af æfingargjöldum undir umsjá golfkennara og íþróttastjóra. Einnig koma inn tekjur vegna húsaleigu aðstöðunnar í Kauptúni. Heildartekjur eru áætlaðar um 157,7 milljónir.

Rekstrargjöldin eru áþekk. Greiðslur til vinavalla verði eilítið hærri, þjálfun og kennsla verður eilítið hærri. Annað með hefðbudnum hætti.

Almennt viðhald vallar verði um 12 milljónir, en gert er ráð fyrir að þurfi að endurnýja allar stangir. Svo er fræ, áburður og túnpökur stór huti í reksti golvallar. Skrifstofa, stjórnun, prentun og auglýsingar mun hækka til að sækja enn frekar á nýja félagsaðild með auglýsingum og annarri markaðsvinnu. Heildargjöld eru áætluð um 157,5 milljónir. Afkoman „glimrandi“ 202 þús.

Emil fór yfir tillögu að félagsgjöldum:

14 ára og yngri	kr. 30.000,-	
15 til 19 ára	kr. 42.500,-	Verður einn flokkur með árgjaldi 30.000,-
20 til 66 ára	kr. 95.000,-	hækkar um kr. 3.500,- eða í 98.500,-
67 ára og eldri	kr. 70.500,-	engin hækkun hér
Inntökugjald	kr. 12.000,-	engin hækkun hér

Systkinaafsláttur verði hinn sami og er því:

fyrir tvo 40.000 fyrir þrjá 50.000 og fyrir fjóra 60.000.

Fundarstjóri gaf orðið laust

Spurt var um inntökugjald í öðrum klúbbum. Almennt er inntökugjald í öllum klúbbum, en fer tveimur sögum hvað það er, eftir því hver er spurður (félagsmaður eða klúbbur). Inntökugjald hjá Oddi er háð samþykkis aðalfundar klúbbsins. Hætti kylfingur í klúbbum, en komi aftur til liðs við hann innan fimm ára þá þarf hann ekki að greiða inntökugjald.

Sigurður ..... kom fram og tjáði sig um að sér þætti leiðinlegt að framkvæmdarstjórinn talaði um að honum þætti svona „leiðinlegt að vinna vinnuna sína“, td. eins og fjárhagsáætlun klúbbsins. Einnig hvers vegna Oddurinn væri dýrasti klúbburinn.

Emil svaraði því til að það gætti misskilnings hjá spyrjanda. Það væri ekkert leiðinlegt að vinna áætlunina, síður en svo. En aftur á móti væri eflaust hrútleiðinlegt fyrir fundargesti að sitja undir endalausri upptalningu á þurrum tölum upp úr áætluninni.

Varðandi félagsgjöldin og að við værum dýrasti klúbburinn. Ingi Þór svaraði og sagði að við séum dýrasti klúbburinn og klúbburinn sé í þeirri stöðu að þurfa að greiða um 26 milljónir á ári fyrir sína íþróttastöðu, þar sem ekki hefur tekist að fá frekari styrk frá bænum og ekki tekist að fá leiguna lækkaða. Aðrir klúbbar hafa ekki þurft að greiða svo háa leigu og fengið hærri styrki frá bæjarfélögum. Við þurfum því að hafa félagsgjöldin svona há til að standa undir rekstri klúbbsins. Við vitum ekki hvað aðrir klúbbar ætla að leggja til um félagsgjöld í sínum klúbbum fyrir næsta ár, en heyrst hefur að það verði einhver hækkun hjá þeim.

Baldvin kom fram með fyrirspurn um spilatíma fyrir 67 ára og eldri. Þá beri að þakka stjórn klúbbsins fyrir hvernig haldið hefur verið á málum og tekist að halda starfsemi í góðu horfi.

Ingi Þór svaraði fyrirspurninni um 67 ára og eldri, að það væri búið að liggja yfir þessu máli oft og margar hugmyndir komið upp. Allt snerist um með hvaða hætti við gætum aukið tekjur klúbbsins. Mættum ekki stíga skref sem skerða tekjurnar. Sú lausn sem er í dag, er talin vera sú besta sem hægt er að vera með núna. Ef breyting yrði þar á, þá yrði haft samráð við félagsmenn um hvernig fyrirkomulaginu yrði breytt.

Pétur Bjarnason velti fyrir sér núningi milli landeiganda og leigutaka, þörf á að taka upp gott tal og samráð til að koma þessu frá. Málið er alvarlegt og þarf að finna góða lausn á því. Þakkaði fyrir það sem fram kom á fundinum og fyrir það sem hefur verið gert.

Sigurður Halldórsson kom upp, sagðist vera í stjórn Golfklúbbs Oddfellowa og þekkti þessi mál vel – með núninginn – jarðvegsmálið. Skiptar skoðanir hefðu verið um þetta á lokasprettinum þegar átti að gera samning milli Oddfellow og Urriðarholts. Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa leigir landið til Golfklúbbs Oddfellowa og þeir svo framleigja til Golfklúbbs Odds. Reyna á að leysa þetta mál, enda kröfur frá Oddi mjög eðlilegar, og þessi félög eiga mun meiri samleið en ekki. Sigurður vildi bara skýra þessi mál. Vill óska stjórninni til hamingju með að stjórna félaginu „á pari“ sem er mjög gott, vonast til að hann sjálfur gæti spilað „á pari“.



Aðalfundur GOF verður eftir hálfan mánuð og þar verður eflaust spjallað um þessi mál og reynt að finna lausn sem öllum líkar.

Ingi Þór þakkaði Sigurði Halldórssyni fyrir gott samstarf á liðnum árum. Sagði það mat stjórnar að ekki væri hægt að halda þennan fund án þess að upplýsa um þessi mál. Ingi Þór undirstrikaði að við erum samherjar og viljum vinna þetta saman á góðum nótum og hefur trú á því að fundinn verði lausn á málinu sem öllum líki.

Fundarstjóri bar upp tillögu að félagsgjöldum, og var hún samþykkt samhljóða.

## **5. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar.**

Engar tillögur um breytingar á lögum hafa verið lagðar til.

Því þarf ekki að ræða þennan lið frekar.

## **6. Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn.**

Uppstillingarnefnd sem skipuð er af stjórn samkvæmt lögum félagsins, gerir tillögur um stjórnarmenn.

Nefndina skipa Ágústa Arna Grétarsdóttir, Svavar Geir Svavarsson og Gunnar Viðar.

Samkvæmt lögum kýs aðalfundur stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum og eru stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega og til eins árs í senn.

Kjörnir voru: Ingi Þór Hermannson formaður til eins árs, Guðmundína Ragnarsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson stjórnarmenn til tveggja ára og Einar Geir Jónsson var kjörinn varamaður til eins árs. Í stjórninni sitja áfram Svavar Geir Svavarsson og Ágústa Arna Grétarsdóttir.

## **7. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara**

Tveir skoðunarmenn og einn til vara skulu kjörnir til eins árs samkvæmt lögum félagsins. Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarson voru kjörnir aðalmenn og Ásbjörn Björnsson til vara.

## **8. Önnur mál.**

Enginn kom fram undir liðnum önnur mál.

Fundarstjóri gaf síðan nýkjörnum formanni Inga Þór Hermannssyni orðið.

Ingi Þór þakkaði fundarstjóra og fundarritara fyrir störfin á fundinum. Hann þakkaði traustið fyrir hönd stjórnar og einnig starfsmönnum klúbbsins fyrir vel unnin störf. Hann sagði að stjórn klúbbsins hefði raunverulega sýn til að fá klúbbinn til að eflast og vaxa enn frekar. Hann þakkaði fundarmönnum komuna og óskaði þeim og fjölskyldum þeirra Gleðilegra jóla.

Fundi var í framhaldinu slitið kl. 22:00.

---

Jónína A. Sanders  
fundarstjóri

---

Inga Engilberts  
fundarritari